



Fundargerð

9. fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Arnesinga bs. kjörtímabilið 2022 – 2026. Haldinn í Ráðhúsi Árborgar 24. mars 2023 kl. 13:00.

Mætt voru: Helgi Kjartansson formaður, Sandra Sigurðardóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir, Gestur Kristjánsson og Ingibjörg Garðarsdóttir fjárhaldsmaður. Kjartans Björnsson boðaði forföll.

1. Fundarsetning

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Engar athugasemdir komu fram vegna fundarboðs.

2. Erindi frá Viðari Arasyni dags 10. febrúar 2023.

Lagt var fram erindi frá Viðari Arasyni dags. 10. febrúar 2023 þar sem kannaður er áhugi Héraðsnefndar á að koma að því að koma upp hjartastuðtækum í byggðakjörnum og á fjölförnum ferðamannastöðum.

Framkvæmdastjórn þakkar bréfitara fyrir gott erindi en ekki er unnt að verða við því þar sem það fellur ekki undir hlutverk og valdsvið héraðsnefndar. Héraðsnefnd beinir því erindinu til aðildarsveitarfélaganna og hvetur þau til að huga að og tryggja að hjartastuðtæki séu aðgengileg á helstu stofnunum og fjölmönnum ferðamannastöðum innan síns sveitarfélags.

3. Tryggingamál stofnana Héraðsnefndar

Lagður fram tölvupóstur frá Consello dags. 17. febrúar 2023 þar sem farið er yfir tryggingamál stofnana Héraðsnefndar og þau tækifæri sem eru í stöðunni til að ná fram lækkun á tryggingariðgjöldum.

Framkvæmdastjórn felur formanni að ræða frekar við Consello.

4. Erindi frá Hannesi Lárussyni og Bryndísi Hrönn Ragnarsdóttur, dags. 15. feb. 2023.

Í erindinu er gerð grein fyrir starfsemi og framtíðarsýn Íslenska bæjarins og því velt upp hvort Héraðsnefnd hafi áhuga á að styrkja reksturinn svo starfsemin geti vaxið og dafnað. Framkvæmdastjórn þakkar kærlega fyrir gott og áhugavert erindi en sér sér ekki fært að verða við beiðninni.

5. Vorfundur Héraðsnefndar 2023

Framkvæmdastjórn samþykkir að vorfundur Héraðsnefndar verði haldinn í Flóahreppi þann 28. apríl 2023.

6. Ársreikningar stofnana Héraðsnefndar 2022 – staðan á endurskoðun

Formaður gerði grein fyrir stöðu endurskoðunar ársreikninga stofnana Hérðasnefndar. Endurskoðun gengur vel og gert er ráð fyrir að endurskoðun ljúki á næstu dögum. Framkvæmdastjórn samþykkir ársreikning Hérðasnefndar fyrir sitt leiti og verður hann lagður fram til samþykktar á vörfundum þann 28. apríl n.k.

7. Húsnæðismál Héraðsskjalasafns Árnesinga – staða mála.

Farið var yfir stöðuna á húsnæðismálum Héraðsskjalasafnsins. Á aukafundi Héraðsnefndar sem haldinn var í janúar 2023 var samþykkt að kaupa húsnæði að Hellismýri 8 á Selfossi. Öll sveitarfélög nema eitt eru búin að samþykkja að gangast í ábyrgðir fyrir kaupunum. Í lok fundar fór framkvæmdastjórn í vettvangsferð að Hellismýri 8.

8. Næsti fundur

Framkvæmdastjórn samþykkir að næsti fundur verði haldinn 14. apríl kl.12:10 í fjarfundi.

Fundi slitið 14:07

Sandra Sigurðardóttir ritaði fundargerð.

Helgi Kjartansson

Arna Ír Gunnarsdóttir

Sandra Sigurðardóttir

Kjartan Björnsson

Gestur Þór Kristjánsson

Ingibjörg Garðarsdóttir